



Fundargerð

1563. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
7. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 8.

* * *

1. Skammtímavistun fatlaðra barna (2026030166)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn.

Lagðar fram tillögur sem miða að því að auka þjónustu skammtímavistunar fatlaðra barna.

Bæjarráð samþykkir 25% viðbótarstöðugildi í Heiðarholti sem rúmast innan fjárheimilda 2026. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í öðrum tillögum sem fram koma í erindinu. Bæjarráð telur mikilvægt að ný bæjarstjórn vinni að framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokknum.

2. Almennings­samgöngur í Reykjanesbæ (2019090564)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn og fór yfir stöðu almennings­samganga í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir að nýtt verði pöntunarþjónusta í akstur almennings­samganga í fyrstu ferð kl.06:00 á morgnana á virkum dögum í stað núverandi aksturs sem hefur ekki verið mikið nýttur. Aksturinn rúmast innan fjárheimilda 2026.

3. Berghólabraut 9 (2026010587)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram erindi frá B9 Byggingum ehf. varðandi makaskipti á iðnaðarlóð.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

4. Hól­mbergsbraut 2 - stækkun lóðar (2026010574)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram erindi frá Blue Eignum ehf. og Blue Car Rental ehf. vegna gatnagerðagjalds.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Aðalfundur og hluthafafundur Keilis 12. maí 2026 (2026050032)

Lagt fram aðalfundarboð og hluthafafundarboð Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundunum.

Bæjarráð tilnefnir Kjartan Má Kjartansson bæjarstjóra í stjórn Keilis.

6. Ársfundur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum 21. maí 2026 (2026050039)

Lagt fram fundarboð um ársfund Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

7. Fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs 20. apríl 2026 (2026010487)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

8. Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.